

Ed.

86. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Síðari efnismálsgr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um áramótin 1979—80 rennur út frestur sá, sem ráðherra hefur heimild til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum. Þó að mikið hafi áunnist í endurbyggingu sláturhúsa, er fyrirsjáanlegt, að enn um sinn verður að leyfa slátrun í ólöggiltum húsum, þar sem slátrun verður framkvæmd á viðunandi hátt að mati yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis.

Þer því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í slíkum sláturhúsum.